

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.oldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 26. TBL.

19. MARS 2010

Fjölgreindarleikar haldnir í Lækjarskóla

Fjölgreindarleikar voru haldnir í Lækjarskóla í síðustu viku, miðvikudag og fimmtudag. Fjölgreindarleikar eru keppni þar sem keppirnir taka mið af ýmsum fjölgreindum sem sóttar eru í kenningu sálfræðingsins Howards Gardner um margskonar greindir manna og því eigi alltaf að ræða um greindir í fleirtölu.

Í Lækjarskóla var öllum nemendum skólans skipt í lið eða hópa sem í voru nálægt tíu manns undir stjórn nemenda í 10. bekk. Hver hópur fór síðan á milli stöðva þar sem hann leysti þrautir og vann saman að ýmsum verkefnum. Þetta voru kringum 40 ólíkar þrautir sem annars vegar voru inni í skóla og hins vegar úti í þróttahúsinu. Áhugi nemenda var mikill og mikil samstaða í hópum.



Myndirnar eru frá fjölgreindarleikunum í Lækjarskóla. Fleiri myndir má sjá á vef bæjarins.

Skólaskil leik- og grunnskóla hafin



Skólaþróun

Skólaskil leik- og grunnskóla er nefndur sá árlegi viðburður þegar leikskólar kynna fyrir grunnskólunum í bænum væntanlega nemendum sem koma í 1. bekk grunnskóla og hafa sérþarfir sem grunnskólinn þarf sérstaklega að vita af. Ferlið fer þannig fram að samráðsfundir eru haldnir á Skólaskrifstofu þar sem fulltrúar einstakra leikskóla hitta fulltrúa grunnskólans. Þessir fundir standa yfir þessar vikurnar vegna barna sem koma í grunnskóla haustið 2010.



Á myndinni eru frá vinstri: Björk Alfreðsdóttir sérkennsluráðgjafi leikskóla (Skólaskrifstofu), Agnes Agnarsdóttir sérkennslustjóri leikskólanum Stekkjarási, Helgi Gíslason, sérkennsluráðgjafi grunnskóla (Skólaskrifstofu), Rannveig Hafberg, deildastjóri yngsta stigs Áslandsskóla, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólustjóri Áslandsskóla og Sigríður Pétursdóttir, fagstjóri sérkennslu í Áslandsskóla.



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 15. mars
201. fundur:

- Kynnt skýrsla um þátttöku barna í heilsdagsskólum í tómstundatilboðum sem þar bjóðast fyrir þau.
- Lagt fram bréf frá Höllu Þórðardóttur, aðstoðar-skólustjóra Lækjarskóla, sem óskar eftir ljúka störfum í lok þessa skólaárs.
- Lögð fram skýrsla um forvarnardaginn 2009.
- Kynnt staða á hagræðingarverkefnum fyrir grunnskóla út frá fjárhagsáætlun bæjarins árið 2010.
- Kynntir viðburðir sem eru framundan, þ.e. Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar 23. mars (sjá hér til hliðar), Barnakóramót Hafnarfjarðar 20. mars og söngleikurinn Fjársjóðurinn þann 22. mars.
- Fulltrúar fasteignafélags bæjarins fóru yfir stöðu viðhaldsmála á skóla-byggingum bæjarins.
- Farið yfir stöðu mála hjá vinnuhópi um breytingar á skólalaldi í Norðurbænum.
- Samþykkt að standa fyrir málþingi um kennslu 5 ára nemenda í vor.

Tilkynning vikunnar

Minnt er á Barnakóramót Hafnarfjarðar í Víðistaðakirkju á morgun, laugardag 20. mars. Kórar yngri nemenda syngja kl. 14 og eldri nemenda kl. 17. Alls munu 14 kórar koma fram og syngja saman sömuleiðis. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
26. mars 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfnni

» **Menningardagar Áslandsskóla** hafa staðið yfir í þessari viku undir þemaheitinu: *Spor á jörðu*. Margt hefur verið gert og brallað í skólanum í vikunni. Hjá yngstu nemendum hefur verið unnið að skapandi liststarfi með endurnýtanlegt efni og sorp. Á miðstigi hefur ýmis konar hönnun verið í gangi, t.d. á töskum og höttum. Hjá unglingunum hefur sköpun sömuleiðis verið í fyrirrúmi, t.d. við að hanna boli með slagorðum sem tengjast endurvinnslu, kortahönnun og myndbandagerð. Afrakstur menningardaganna var svo foreldrum og öðrum gestum til sýnis í gær (fimmtudag 18. mars). Auk þess var dagskrá á sal þar sem kór skólans söng, 3. bekkingar sýndu leikritið Fjársjóðinn og nemendur voru með tiskusýningar auk fleiri atriða.



Nemendur í Áslandsskóla byggðu þorp og sýndu á sýningunni.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar verður haldin næsta þriðjudag, 23. mars kl. 17:00 í Hafnarborg. Keppnin hefst árlega á degi íslenskrar tungu en það eru nemendur í 7. bekk sem taka þátt og á lokahátíðinni munu nemendur sem valdir hafa verið sem fulltrúar sinna skóla lesa brot úr skáldverki og ljóð.

Hátíðin er í raun uppskeruhátíð mikillar vinnu sem kalla

má ræktunartímabil keppinnar, upplestrarhátíð og



listahátíð ungmenna þar sem auk upplesara koma fram



Lokahátíð

tónlistarnemendur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Við athöfnina verða einnig tilkynnt úrslit í smásagnasamkeppni 8. – 10. bekkja og veittar viðurkenningar og einnig verður veitt viðurkenning fyrir verðlaunamynd sem prýðir boðskortið.

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/fraedslumal/grunnskolar/stora_upplestrarkeppnin/

Námskeiðahaldið í næstu viku

Fimmtudagur 25. mars:

- Námskeið 504, **Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Þriðji og síðasti tími.



Vefhornið

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/